



ERINDISBRÉF FYRIR STARFSHÓP UM UPPBYGGINGU Á DALBRAUT 4

- ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ ALDRAÐA -

Forsendur

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 12. júlí 2018 að skipa starfshóp til að koma með tillögum um endanlega útfærslu/hönnun á þjónustumiðstöð fyrir aldraða á 1. hæð Dalbrautar 4 í samræmi við erindsbréf þetta.

Fyrir liggur samkomulag við Bestla ehf. um kaup á 1.270 fermetra (brúttófermetrar) rými á 1. hæð á Dalbraut 4 til nota sem þjónustumiðstöð fyrir aldraða samkvæmt sérstakri skilalýsingu sem gengur út á að rýmið sé ríflega fokhelt. Hönnun húss er nú hafin og því mikilvægt að ákveðið sé með endanlegar útfærslur/hönnun á þjónustumiðstöðinni.

Hlutverk starfshópsins:

Meginverkefni starfshóps verður eftirfarandi:

- Starfa með hönnunarráðgjafa um hönnun og þarfagreiningu á rýminu. Þarfagreining skal taka mið af þjónustu við aldraða þ.e. skipulagðri starfssemi félagsstarfs FEBAN, félagsstarfi aldraða á vegum Akraneskaupstaðar og annarra tómsundatilboða/afþreyingar fyrir eldri borgara í tengslum við m.a. heilsurækt og lýðheilsu.
- Við útfærslu/hönnun skal haft í huga m.a. eftirfarandi atriði:
 - Rýmisþörf v. aðskildrar þjónustu við aldraða.
 - Sveigjanleika rýmis þ.e. ef þarfir breytast í framtíðinni.
 - Kostnaðarhagkvæmni.
 - Bílastæði.
 - Samlegðaráhrif með annarri starfsemi.
 - Önnur atriði sem starfshópur telur rétt að hafa í huga.

Fulltrúar í starfshópi:

Guðjón V. Guðjónsson, varabæjarfulltrúi og formaður starfshópsins

Kristjana Helga Ólafsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Jóhannes Ingibjartsson, FEBAN

Steinunn Sigurðardóttir, Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Laufey Jónsdóttir, verkefnastjóri heimaþjónustu



Verklag og skil:

Fyrir liggur að hönnun samkvæmt samkomulagi við Bestla ehf. skal vera lokið fyrir 1. desember 2018. Starfshópur þarf því að hafa lokið vinnu sinni fyrir 16. nóvember 2018.

Starfshópurinn skal skila tillögum sínum til bæjarráðs að fengnum umsögnum velferðar- og mannréttindaráðs, skipulags- og umhverfisráðs og öldungaráðs.

Kostnaður:

Unnið verður beint með hönnunarráðgjafa sem Bestla ehf. hefur ráðið í hönnun hússins. Akraneskaupstaður mun áður en vinna starfshóps hefst ganga frá samningi við hönnunarráðgjafa Bestla ehf. um hans aðkomu að þessari vinnu.

Starfshópurinn getur kallað til þá sérfræðinga telst nauðsynlegt hverju sinni í samráði við bærarstjóra, ef um fjárútlát er að ræða.

Greitt verður fyrir fundarsetu til þeirra einstaklinga sem ekki þiggja greiðslur fyrir, samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um laun fyrir setu í ráð, nefndum og starfshópum sem og einnig ekki til þeirra sem eiga sæti fyrir hönd stofnunar eða samtaka í starfshópnum.

Samþykkt í bæjarráði Akranesi þann 12. júlí 2018.



Sævar Freyr Þráinsson
bærarstjóri

